

EFTIRLITSSKÝRSLA

BA-337 ehf Tálknafjörður



Dags eftirlits	1.9.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	BA-337 ehf	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Móatún 17	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	450508-0390	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Pór Magnússon	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	65°37'700N 23°53'700V

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í vettvangseftirlit vegna lokunar fiskeldisstöðvar BA-337, Tálknafirði. Starfsleyfið gildi til 16. apríl 2022 og er því fallið úr gildi en engin starfsemi hefur verið í stöðinni frá síðasta eftirliti, árið 2017.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

Staðfest er að stöðinni hefur verið lokað með fullnægjandi hætti.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirliti.

Starfsleyfi fyrir BA-337, Tálknafirði, var gefið út af Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða þann 16. apríl 2010 og gildi til 16. apríl 2022. Var leyfi fyrir land- og kvíaeldi, með allt að 200 tonna framleiðslu á þorski.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áætlun um frágang v. rekstrarstöðvunar
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Fullnægjandi frágangur v. rekstrarstöðvunar og lokunar

Keyrt var í átt að kvíastæðinu og litið þar yfir. Staðfest er að engar kvíar var að sjá á eldissvæðinu og ekki var að sjá nein ummerki eldisins í fjöru við svæðið eða upp á landi þar í kring.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Fulltrúi rekstraraðila var ekki viðstaddur eftirlitið en var eftirlitið framkvæmt með hans vitund.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

ANNÆÐ

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Reykjavík, 10.10.2023

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Guðbjörg Stella Árnadóttir